# Kyn og landsbyggðirnar

Elín Gróa Karlsdóttir
Forstöðumaður fyrirtækjasviðs

Byggðastofnun

# **2. gr.** laga nr. 106/1999 um hlutverk Byggðastofnunar

- **Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni.**
- Í samræmi við hlutverk sitt vinnur stofnunin að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra.
- Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Stofnunin getur einnig tekið þátt í gerð svæðisskipulags samkvæmt [skipulagslögum].[1)]

# Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla no. 10/2008

- 1. gr. *„Markmið þessara laga er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni“.*
- Í 17. gr. laganna segir; *“Kynjasamþættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð sem gerð er á vegum ráðuneyta og opinberra stofnana er starfa á málefnasviði þeirra. Hið sama gildir um alla ákvörðunartöku innan ráðuneyta og stofnana eftir því sem við getur átt”*.

# Samþætting kynjasjónarmiða

- Skilgreining í lögunum sem leið til

*... að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu.*

- Er aðferð sem notuð er til að ná fram jafnrétti í daglegu starfi sem snertir viðskiptavini, skjólstæðinga, umbjóðendur eða annað fólk.
- Samþættingarhugmyndin er stjórnunartæki til að auka gæði þjónustu. Stjórnunartæki til að rýna í það hvernig þjónustu er verið að veita og hvort allir hafi jafnan aðgang að henni.

# Samþætting kynjasjónarmiða

- Í stefnu Byggðastofnunar segir í lið A4:
- Samþætting kynjasjónarmiða
- öll áætlanagerð, rannsóknir og verkefni séu unnin eftir hugmyndafræði um samþættingu kynjasjónarmiða
- efla atvinnustarfsemi kvenna

# Af hverju samþætting hjá Byggðastofnun?

- Fyrir utan það að stofnuninni ber að samþætta kynjasjónarmið samkvæmt lögum þá eru ...
- ....jafnréttismál byggðamál – til að sporna gegn neikvæðri byggðaþróun þarf að setja jafnréttismál í öndvegi
- Mikill brottflutningur kvenna af landsbyggðinni er sérstakt áhyggjuefni. Ef ekki er reynt að sporna við því mun þróunin halda áfram á þann veg að konurnar flytja burt úr dreifbýlinu og karlarnir verða eftir. Samfélögin falla þar með saman innanfrá.

# Samþætting hjá Byggðastofnun

- Framfylgja lögum um jafnréttismál og sem stofnun í eigu ríkisins hefur Byggðastofnun skyldum að gegna að fara fram með góðu fordæmi við að tryggja jafnrétti kynjanna að því sem snýr að byggðaþróun og atvinnulífi á landsbyggðinni
- Kynjaáhrif eru gerð sýnileg í þeim tilgangi að hægt sé að bregðast við og endurmeta stefnu stofnunarinnar í samræmi við stefnu stjórnvalda í jafnréttismálum.
- Kynjaáhrif eru gerð sýnileg í þeim tilgangi að hægt sé að upplýsa stjórnvöld um stöðu kynjanna á landsbyggðinni
- Fjölga fyrirtækjum sem eru a.m.k. 50% í eigu kvenna sem viðskiptavina hjá Byggðastofnun.
- Auka fjölbreytni í atvinnulífinu á landsbyggðinni með þarfir kvenna í huga
- Fjölga störfum á landsbyggðinni með þarfir kvenna í huga
- Fjölga konum í stjórnum þeirra fyrirtækja sem Byggðastofnun á hlut í, bæði hvað okkur varðar og fá fyrirtækin í lið með okkur

# Samþættingu beitt á styrkveitingar sem úthlutað var frá Byggðastofnun 2008

- Heildarúthlutun 200 milljónir
- Tilefni: Mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna þorskaflaskerðingar
- Umsækjendur - 66% karlar - 32% Konur -2% Bæði kyn
- Úthlutun – Karlar 70%/Konur 30%
- Hlutfallslega jafnmargar konur fengu styrk og sóttu um en konur fengu hinsvegar lægri styrki en karlar

# Styrkveitingar 2008 - Niðurstöður

- Karlar voru 70% umsækjenda og því má ætla að þau sjónarmið sem lögð voru til grundvallar við mat á verkefnum hafi verið hliðhollari körlum en konum. Hins vegar virðist sem matsferlið hafi ekki verið hliðhollara öðru kyninu þar sem hlutfallslega jafn margar konur fengu styrk og sóttu um.
- Karlar fengu fleiri og hærri styrki en konur.
- Í besta falli viðheldur styrkveitingin núverandi kynjaskiptingu á vinnumarkaði en í versta falli getur hún aukið mismunandi aðstæður kvenna og karla

# Annað sem við erum að gera

- Jafnlaunavottun
- Jafnréttisáætlun
- Aukin vitund og þekking starfsmanna á samþættingu kynjasjónarmiða
- Aukin upplýsingaöflun
  - Breyting á umsóknareyðublöðum um lán þar sem farið verður fram á að gerð sé grein fyrir því hvernig störf sem skapast hafa áhrif á kynskiptan vinnumarkað
  - Í tengslum við verkefni um Kynjaða hagstjórn- og fjárlagagerð hjá ríkinu. Hluti af verkefni Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins um hvernig fjármagn til styrkja og lána á vegum ríkisins dreifist á kynin

# Það sem gert hefur verið síðastliðin ár

- Höfum verið að skoða konur og atvinnulíf á landsbyggðinni undanfarin ár
- Tvær skýrslur komu út 2005
  - Konur og stoðkerfi atvinnulífsins
  - Eignarhald kvenna í atvinnurekstri og landbúnaði
- Jafnréttis- og atvinnuráðgjafar í öllum landshlutum árin 2001 - 2005
  - Tilraunaverkefni sem var hætt árið 2005
- Mistök að hætta því verkefni?

# Umsóknir um lán hjá Byggðastofnun eftir kyni árin 2008 - 2012



# Umsóknir um lán hjá Byggðastofnun eftir atvinnugreinum 2008 - 2012



# Skipting lánasafns Byggðastofnunar eftir landshlutum og atvinngreinum



# Umsóknir um lán

- Konur í miklum minnihluta
- Samsetning vinnumarkaðar landsbyggðarinnar
- Landsbyggðirnar karllæg svæði
- Reglur um lánveitingu?
- Karlar sækja um hærri lán

# Rannsóknir á búrferlaflutningum kvenna

- Elsta búferlakönnun sem vitað er um er frá 1885
- Ekki langt síðan farið var að kyngreina rannsóknir
- Rannsókn Stefáns Ólafssonar 1997
- Búferlaflutningar kvenna- orsakir?
- „Á Íslandi hefur ekki verið rannsakað sérstaklega hvað þarf til að konur kjósi sér búsetu á landsbyggðinni og byggðaaðgerðir miða ekki sérstaklega að því að laða konur til búsetu þar“ (Kjartan Ólafsson og Ingólfur V. Gíslason, 2005)

# Ástæða til að hafa áhyggjur?




**Fjöldi kvenna eftir landshlutum á hverja 100 karla – Allir aldurshópar**

# Enn meiri ástæða til að hafa áhyggjur?




**Fjöldi kvenna 20-39 ára eftir landshlutum á hverja 100 karla 20-39 ára**

# Þróun 1998 - 2013




**Fjöldi kvenna 20-39 ára eftir landshlutum á hverja 100 karla 20-39 ára**

# Fjöldi eftir vinnusóknarsvæðum allur aldur




**Fjöldi kvenna eftir vinnusóknarsvæðum á hverja 100 karla – Allir aldurshópar**

# Fjöldi eftir vinnusóknarsvæðum 20 – 39 ára




**Fjöldi kvenna 20-39 ára eftir vinnusóknarsvæðum á hverja 100 karla 20-39 ára**

# Búferlaflutningar almennt – ástæður

- Aðstæður á vinnumarkaði
- Aðstæður á fasteignamarkaði
- Opinber þjónusta
- Skynvirði – staðbundin gæði sem auka velferð almennings
- Ýmsir viðburðir í lífi einstaklinga
- Vegna utanaðkomandi óviðráðanlegra ástæðna
    - Heimild Vífill Karlsson og Kolfinna Jóhannesdóttir 2010 „Búferlaflutningar kvenna“

# Niðurstöður og tillögur Vífils Karlssonar og Kolfinnu Jóhannesdóttur

- *„Samkvæmt niðurstöðunum ættu aðgerðir sem miða að því að auka hlut kvenna í búsetu að beinast að því að styrkja þjónustu við barnafjölskyldur og byggja upp góðar aðstæður á sviði lífskjara og framfærslu“.*

# Lokaritgerð Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um orsakir búferlaflutninga kvenna af landsbyggðinni

- „... Fábreyttur vinnumarkaður, lægri laun og takmarkað námsframboð hrindir konunum hins vegar á brott af landsbyggðinni. Við bætist að þegar vinnumarkaður er jafn fábreyttur og raun ber vitni víða á landsbyggðinni þá hefur fólk sem gengið hefur menntaveginn í raun og veru ekki val um hvort það vill búsetja sig á landsbyggðinni að námi loknu. Það einfaldlega stendur því ekki til boða.“

# SEMIGRA

- Selective Migration and Unbalanced Sex Ratio in Rural Regions
- Eigindleg og megindleg rannsókn meðal ungs fólks á aldrinum 15 – 35 ára
- Gerð á fimm stöðum í Evrópu
  - Västernorrland – Svíþjóð
  - Sachsen – Anhalt – Þýskaland
  - Kainuu – Finnland
  - Ézsak – Alföld – Ungverjaland
  - Észak Magyarország – Ungverjaland

# Rannsóknarspurningar

- Er kynjahlutfall þar sem hallar á ungar konur á aldrinum 20 – 34 ára vísbending um veikleika svæða og aukinn mismun í dreifðum byggðum í Evrópu? Hvernig hefur þessi kynjahalli áhrif á byggðastefnu?
- Er munur á mynstri á búferlaflutningum kvenna og karla? Eru kynbundnir þættir eða aldurstengdir þættir sem ráða því hvort fólk er kyrrt, flytur burt, flytur aftur til baka eða flytur að til og frá dreifðum byggðum?

# Rannsóknarspurningar

- Hvaða stefna eru vænleg til að sporna á móti kyn- og aldurstengdri fólksfækkun en styður jafnframt við þekkingar hreyfanleika ungs fólks? Eru hugmyndir til að hvetja til aðflutnings eða sporna gegn brottflutningi mögulegar með tilliti til svæðisbundinna aðstæðna?
- Lofa atvinnu- , mennta og menningarstefnur svæðanna góðu hvað varðar sérstakar þarfir ungra karla og kvenna?
- Hvaða stefnur eru vænlegastar til að auka stöðuleika og lífsgæði þeirra sem búa á svæðinu? Hvernig er hægt að halda í unga fólkið og fá það sem er farið til að flytja heim aftur?

# Punktar úr skýrslunni

- Mikill brottflutningur ungra kvenna af svæðum bendir til félags- og efnahagslegs mismunar og ógnar heildarmynd svæðisbundinnar samkenndar og jafnvægi í byggðaþróun
- Atvinnuástand á svæðum, möguleiki til náms, aðgengi að grunnþjónustu og samþætting atvinnu- og fjölskyldulífs eru mikilvægir mælikvarðar til að tryggja jöfn tækifæri bæði á svæðisbundnum grunni og milli kynjanna
- Ástæður brottflutnings ungra kvenna frá landsbyggðunum eru margar og mismunandi og aðgerðir þurfa að taka mið af því

# Punktar úr skýrslunni

- Unglingsstelpur stefna frekar á brottflutning og nám en strákar.
- Mannleg samskipti og menningabundnir þættir skipta stelpur meira máli
- Strákar meta meira veraldlega hluti s.s. að þéna fullt af peningum eða byggja sér hús
- Foreldrar hvetja unglingana sína til að flytja
- Aðgerðir sem gera það að verkum að unglingar upplifi heimahagana á jákvæðari hátt ættu að beinast líka að foreldrum og kennurum barnanna

# Punktar úr skýrslunni

- Konur flytja vegna starfa maka en ekki öfugt
- Kynblinda þeirra sem stjórna
- Einblínt á skort á atvinnu og námi
- Tækifæri til að stunda áhugamál og félagslíf

# Punktar úr skýrslunni

- Aðgerðir sem miða að því að kynna fyrir ungu fólki tækifæri þeirra til atvinnu á svæðunum
- Aðgerðir sem styðja við samskipti þeirra sem eru brottfluttir, fyrirtækja á svæðinu, stofnanir og tengslanet
- Aðgerðir sem miða að því að bæta ímynd svæðanna og auka sjálfsöryggi
- Jákvæðar fyrirmyndir í samfélaginu
- Atvinna fyrir bæði kynin, gott umhverfi til að ala upp börn og húsnæðisframboð
- Störf fyrir háskólamenntaðar konur
- Brjóta upp kynskiptan vinnumarkað

# Punktar úr skýrslunni

- Aðgerðir sem stuðla að fjölbreyttum vinnumarkaði sem er hliðhollur konum og líka atvinnutækifæri fyrir karla. Sveigjanlegur vinnumarkaður sem sameinar atvinnu- og fjölskyldulíf
- Góð fjarskipti

# Að lokum

- Í dreifðum byggðum sem eiga undir högg að sækja þarf að hafa jafnrétti kynjanna í huga og það þarf að vera mikilvægur þáttur í stefnumótun í byggðaþróun.
- Vinnumarkaður sem er hliðhollur konum og jákvæð ímynd svæðanna eru nátengd og styrkja hvort annað
- Vinna sem tekur tíma og skyndilausnir eru aldrei sjálfbærar!